

3. fundur Skólaráðs – 11. febrúar 2022.

Mættir; Hrönn Bergþórsdóttir skólastjóri, Linda Rún Skarphéðinsdóttir, fulltrúar foreldra, Tinna Bessadóttir fulltrúi grenndarsamfélagsins. Birkir Óli Júlíusson, 10.SS og Sunna Björg Harðardóttir, 10.SS, fulltrúar nemandafélagsins, til vara er Gabriel Harasimscuk, Katrín Hallgrímsdóttir og Sólveig Baldursdóttir fulltrúar kennara og Sigurlaug M. Ómarsdóttir, fulltrúi starfsmanna, Valgerður Júlíusdóttir, aðstoðarskólastjóri er ritari.

Dagskrá:

1. Kynning og umræður um skólanámskrá og starfsáætlun skólans
2. Skólalönging – 8. mars
3. Öryggismál – viðhald húsnæðis
4. Önnur mál – staðan í covid og fleira

1. Kynning og umræður um skólanámskrá og starfsáætlun skólans. Skólastjóri fer yfir áætlanirnar á heimasíðu skólans. Rætt um ákveðin atriði og skrifað undir.

2. Skólalönging skólaráðs – 8. mars kl. 17:30 – 19:00

Efni þingsins – foreldrar hafa rödd. Skólareglurnar og heimanámsstefna skólans. Kynning á sal skólastjóri og aðstoðarskólastjóri. Skipt í hópa og umræður um efni þingsins – niðurstöðum skilað á padlet skólastjórnendum til úrvinnslu. Athuga aðkomu nemenda t.d. fulltrúa frá lýðræðisnefnd – kynna hugmyndir sem komu fram um námið á lýðræðisþingi. Fara í blandaða hópa starfsmanna og foreldra og skila niðurstöðum á padlet. Þinglok á sal varpa upp padlet.

3. Öryggismál – viðhald húsnæðis

Farið yfir stöðu mála í sambandi við myglu og leka sem búið er að laga. Almennt er verið að fara yfir allt húsnæðið með tilliti til raka og fleira. Það er langt komið og nú var verið að tæma tvær stofur sem ætti að taka styttri tíma.

5. Önnur mál - staðan í covid í skólanum. Heilmikil veikindi eru bæði hjá starfsmönnum og nemendum og er það áskorun á hverjum degi að halda úti skólastarfi.

Fleira var ekki rætt – fundi slitið kl.9:00.

Næsti fundur verður í apríl.

Ritari: Valgerður Júlíusdóttir